

Pistill í Húnavöku frá Héraðsskjalasafni A-Hún.

Heimsóknir á skjalasafnið hafa verið 338 á þessu ári.

Sýning á ljósmyndum Björns Bergmann var haldin á Húnavöku Blönduóssbæjar 17. - 18. júlí í tilefni 100 ára afmælis Björns. Hann var fæddur á Marðarnúpi í Vatnsdal 24. maí 1910. Gestir voru um 200. Menningarráð Norðurlands vestra styrkti sýninguna.

Einnig hefur verið töluvert um fyrirspurnir, bæði í formi símhringinga og tölvupósta. Safninu voru færðar til varðveislu bækur Sigurgeirs Björnssonar Orrastöðum, gögn Sparisjóðs Húnvetninga svo fátt eitt sé nefnt.

Skjalavörður fór á námskeið hjá Þjóðskjalasafni Íslands í febrúar sem stóð í tvo daga. Þar var fræðst um afhendingu rafrænna gagna o.fl. Í september var síðan haldinn tveggja daga fundur, á Höfn í Hornafirði, ætlaður starfsmönnum Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna.

Árið 2010 afhentu 22 aðilar gögn til safnsins og þakkar héraðsskjalavörður þeim fyrir.

Við skráningu í Húnavöku 2009 var Vigdís Elva Þorgeirsdóttir Skagaströnd tilgreind sem afhendingaraðili, en átti að vera eigandi gagnanna, Guðrún Þ. Guðmundsdóttir Skagaströnd. Biðst skjalavörður velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

Eftirtaldir færðu safninu skjöl og myndir árið 2010.

Kristófer Sverrisson Blönduósi
Auðunn Sigurðsson Blönduósi
Guðjón E. Ólafsson Blönduósi
Valgarður Hilmarsson Blönduósi
Erlendur Eysteinnsson Blönduósi
Sigursteinn Bjarnason Stafni
Helga Búadóttir Blönduósi
Sigurgeir Þorbjörnsson Reykjavík
Sýslumannsembættið á Blönduósi
Sigurjón Guðmundsson Blönduósi
Signý Gunnlaugsdóttir Syðra-Hóli
Bókasafn Austur Húnvetninga
Þórhildur Ísberg Blönduósi
Gísli Grímsson Blönduósi
Hjördís Líndal Kópavogi
Aðalbjörg Ingvarsdóttir Blönduósi
Guðrún Sæmundsen Reykjavík
Anna Kristín Davíðsdóttir Blönduósi
Sigurður Hjálmarsson Blönduósi
Sigurlaug Markúsdóttir Blönduósi
Gróa M. Lárusdóttir Brúsastöðum